

og sama ljósa, þýzka hárið, stundum dálítið rauðleitt; á kvenmyndunum líktist það gullnum dýrlinga geizlum.

Allir voru þeir háir og höfðinglegir, hvort sem þeir voru brynjaðir herklæðum, klæddir prestshempum eða gullskreyttum einkennisbúningum. Allir báru þeir hátt höfuðið á hinum breiðu herðum og munndrættirir voru jafn borginmannlegir undir hárkollunni, sem undir fisléttum veiðimannahattinum. Kuldaleg stilling og ró hvíldi yfir flestum þessum andlitum, köld eins og perlurnar og gimsteinarnir í hálsböndunum þeirra; svo köld, að kuldann lagði inn í æðarnar, sem hringuðust eins og ormar yfir hvít ennin.

Köld og vorkunnarlaus horfðu augu forfeðranna niður á hið fólva andlit hins síðasta ættstuðuls, er gekk um gólfið niðurlútur; sorgin hafði þegar árla æfinnar lagt sína hvítu hélu á hofuð hans.

Nú lítur greifinn upp og rennir augunum hægt og hægt frá einni myndinni til annarar.

Hann var sjálfur kominn inn í hvirfing þessara hreyfingarlausu, hátíðlegu mynda, til þess að biðja einhverja af formæðrum sínum, að gerast guðmóðir síns einmana, munaðarlaus barns.

Hverja átti hann að kjósa?

Hann hafði enga aðra umgengnisvini á Proczna en þessa skrautbúnu forfeður, sem fyrir löngu voru orðnir duft og aska. Hver skyldi vilja yfirgefa heimsins fjöruga glaum, til þess hér úti á snjóþakinni eyðimörkinni, að halda undir skírn barni ómannblendins ekkjumanns? Hann átti engin skyldmenn. Og ættmenn hans kæru, f. amlíðnu koun áttu heima langt, langt í burtu; þar að auki voru þeir nú á ferð í Suðurlöndum. Það var enginn til, er komið gæti eða koma vildi. Það var meira að

segja e
þorpi,
skírnar

Pa

bjóða

andi b

skyldi

tigrarl

skírnar

staðið

hneigja

kvisti

En

di, s

æfa hi

Gu

til þei

stóð f

“V

af Dus

grafið

M

með k

um m

um ha

Gr

kölluð

seirðin

Ha

rnar.

“C

brunn

M

falli, e

kulda